



Reykjavík, 23. desember 2014

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 23. desember 2014 vegna dómarskýrslu frá Heiðari R. Sverrissyni, dags. 11. desember 2014, þar sem tilkynnt var um ósæmilega hegðun Andra Freys Jónssonar í liði KFR-Lærlinga.

Fram kemur í skýrslunni að Andri hafi brugðist illa við eftir misheppnað skot og þeytt tómri gosflösku í vegg.

Í reglugerð KLÍ fyrir Aganefnd, 4. gr. a) segir:

„Veita skal refsistig fyrir brot sem hér segir:

a) 2 refsistig fyrir:

- reykingar og aðra tóbaksnotkun
- notkun hverskyns dufts undir keiluskó í keppni
- notkun hverskyns dufts í gryfjunni, nema hvað nota má „svitapoka“
- önnur minniháttar óþrúðmannleg framkoma að mati aganefndar
- áreiti gagnvart fulltrúum KLÍ „

Að mati aganefndar er hér um aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu að ræða.

Úrskurðarorð

Andri Freyr Jónsson gerðist sekur um að þeyta gosflösku í vegg, og veitist hér með 2 refsistig

Bragi Már Bragason, formaður aganefndar
Guðmundur Sigurðsson
Þórir Ingvarsson